

meðdómsmönnum Péttri Sigurðssyni sjóliðsforingja og Þorsteini Árnasyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Carl Finsen f. h. eigenda m/s Clevelanda og Kristján Einarsson f. h. Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, greiði in solidum stefnanda, Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins, kr. 160000.00 með 6% ársvöxtum frá 25. maí 1950 til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. desember 1951.

Nr. 80/1951. **Vígfús Kristjánsson og**
Sigurlaug Kristjánsdóttir (Vígfús Kristjánsson)
 gegn
Haraldi Guðmundssyni (Ragnar Ólafsson).
 og borgardómaranum í Reykjavík (Enginn).

Setudómari próf. Ármann Snævarr
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Deilt um kostnað af sameign.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní þ. á. Gera áfrýjendur þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 1241.15 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. september 1950 til greiðsludags. Svo krefjast þeir og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr henndi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur in solidum til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 700.00.

Áfrýjendur hafa stefnt borgardómaranum í Reykjavík til

ábyrgðar „fyrir rangan dóm“, en enginn hefur af hans hálfu komið fyrir Hæstarétt. Eigi eru efni til, að þessari kröfu áfrýjanda á hendur borgardómaranum verði sinnt.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Vigfús Kristjánsson og Sigurlaug Kristjánsdóttir, greiði in solidum stefnda, Haraldi Guðmundssyni, kr. 700.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hafa Vigfús Kristjánsson trésmíðameistari og Sigurlaug Kristjánsdóttir, bæði til heimilis að Laugateig 28 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu, með stefnu, útgefinni 29. sept. f. á., gegn Haraldi Guðmundssyni klæðskera, Miðtúni 12 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1241.15 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að mati dómsins. Við munnlegan flutning málsins gerðu stefnendur þá *varakröfu*, að stefndi yrði dæmdur til að greiða þeim kr. 908.45, auk vaxta og málskostnaðar, eins og krafizt væri í stefnu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og að honum yrði dæmdur málskostnaður að mati dómsins, en við munnlegan flutning málsins breytti hann kröfum sínum á þá lund, að hann krafðist sýknu gegn greiðslu á kr. 257.00 og að honum yrði dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnendur seldu á öndverðu árinu 1949 lögregluþjóni nokkrum tveggja herbergja íbúð í húsi sínu nr. 28 við Laugateig hér í bæ, en hann seldi hana síðan stefnda í júlímánuði sama ár. Segir í afsalsbréfunum fyrir íbúðinni, að hinn seldi eignarhluti sé 38/100 af allri eigninni og að kaupandi greiði skatta og opinber gjöld og taki þátt í sameiginlegu viðhaldi eignarinnar að þeim hundradshluta, en allt viðhald á þaki hússins og hæð sé kaupanda óviðkomandi. Allt viðhald á kjallara, að undanteknu þvottahúsi og miðstöðvarherbergi, sé óviðkomandi seljendum.

Eftir að stefndi keypti íbúðina, bjó hann í henni í mánaðartíma, en hefur annars selt hana á leigu og sjaldan komið í hana til eftirlits síðan.

Eftir að stefndi varð eigandi nefndrar íbúðar, hafa stefnendur unnið nokkuð að lagfæringu og hirðingu lóðar þeirrar, sem húsið er reist á, svo og dyttað að húsinu sjálfu. Skýra þau svo frá, að þau hafi farið þess á leit við stefnda, að hann tæki þátt í umbótum þessum og viðhaldi, en hann hafi reynzt ófáanlegur til þess. Krefjast stefnendur, að stefndi greiði þeim fyrir vinnu og efni við framkvæmdir þessar í hlutfalli við

eignarhlutdeild hans í húsinu. Enn fremur krefjast þau, að stefndi greiði þeim kr. 100.00 fyrir að ausa vatni úr kjallaraíbúðinni, er stefndi var fjarverandi.

Stefnendur hafa sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. Vinna Vigfúsar við hreinsun og lagfæringu á lóð	kr. 497.94
2. Vinna Vigfúsar við að slá lóð sumarið 1950	— 626.58
3. Vinna Vigfúsar við að mála glugga og niðurfallsrör	— 666.64
4. Vinna Vigfúsar við að leggja gangstétt	— 602.07
5. Áhöld, samtals	— 59.95
6. Málning	— 32.40
7. Efni og aðkeypt vinna vegna gangstéttar	— 367.40
8. Vinna við að slá lóð 1949	— 150.00
9. Vatnsaustur úr kjallara	— 100.00

Samtals kr. 3102.98

+ 62% af kr. 3002.98 — 1861.84

Stefnda beri því að greiða kr. 1241.14

Kaup sitt hefur Vigfús miðað við eftirvinnu- og næturvinnukaupgjald trésmíðasveina, en hann telur sig hafa átt kost á slíkri vinnu á þessum tíma.

Í varakröfu sinni miða stefnendur kaup Vigfúsar við eftirvinnukaupgjald í almennri verkamannavinnu og lækka við það kröfur sínar í kr. 908.45.

Rétt þykir að athuga sérstaklega hvern einstakan kröfulið stefnenda fyrir sig.

Um 1. lið.

Stefnendur telja, að nauðsynlegt hafi verið að jafna og þekja hluta lóðarinnar og hreinsa burt grjót og rusl, sem jafnan berist inn á hana.

Stefndi heldur því fram, að sér sé ókunnugt um lagfæringar þessar, og hefur mótmælt því, að hann hafi fengið tilkynningu frá stefnendum um, að þörf væri lagfæringa eða hreinsunar á lóðinni, eða þess hafi verið óskað, að hann tæki þátt í slíkum framkvæmdum. Er viðurkennt, að hann hafi aldrei samþykkt að taka þátt í kostnaði af lagfæringunum. Ekki verður heldur séð, að svo brýna nauðsyn hafi borið til þessara lagfæringa, að stefnda verði talið skylt að greiða stefnendum fyrir þær. Verður því að sýkna hann af þessum lið kröfunnar.

Um 2. lið.

Stefnendur telja sig hafa slegið lóðina fimm sinnum sumarið 1950, og hafi slátturinn alls tekið 26½ vinnustund. Stefndi hefur mótmælt því, að vinnustundafjöldinn hafi verið svo mikill, og hafi stefnendur heldur eigi unnið verk þetta eftir sinni beiðni. Hins vegar hefur hann fallist á að greiða að þessu sinni kr. 100.00 fyrir sláttinn, og verður hann því dæmdur til að greiða stefnendum þá fjárhæð samkvæmt þessum kröfulið.

Um 3. lið.

Stefnendur telja, að nauðsynlegt hafi verið að mála niðurfallspípur og

glugga, enda hafi pípurarnar ekki verið málaðar fyrr og málning farin að losna af gluggum. Þá telja þau það og myndi hafa spillt útliti hússins til muna, ef gluggar á íbúð stefnda hefði verið skildir eftir ómálaðir. Stefndi hefur ekki mótmælt því, að umgetnar pípur hafi verið ómálaðar, og þar sem telja verður málun á þeim til nauðsynlegs viðhalds húseignarinnar, ber að dæma hann til að greiða stefnendum að sínum hluta fyrir það verk. Hins vegar hafa stefnendur ekki leitt sönnur að því, að málning á gluggum hafi verið svo illa farin, að nauðsyn hafi borið til endurmálunar þeirra, og verður því að sýkna stefnda af kröfum stefnenda um endurgjald fyrir það verk, enda hafa þeir ekki gegn andmælum stefnda leitt sönnur að því, að leitað hafi verið samþykkis hans til verksins, en, eins og áður er sagt, var viðhald á kjallara stefnendum óviðkomandi.

Stefnendur telja, að alls hafi Vigfús Kristjánsson unnið 26 stundir að máluninni, þar af 4 við að mála margnefndar pípur. Hefur stefndi ekki mótmælt þeirri vinnustundatölu sérstaklega, og verður því að leggja skýrslu stefnenda um hana til grundvallar. Hins vegar þykir ekki unnt gegn andmælum stefnda að reikna Vigfúsi hærra kaup en dagvinnukaup í almennri verkamannavinnu, en leitt er í ljós í málinu, að það var á þessum tíma kr. 10.35, miðað við klukkustund. Samkvæmt framanrituðu verður því stefndi dæmdur til að greiða stefnendum vegna þessa kröfuliðs kr. 41.40 + 25.67 (þ. e. 62%) = kr. 15.73.

Um 4. lið.

Gangstétt sú, sem hér um ræðir, liggur frá hliði á girðingu að aðaldyr-um hússins, en nær ekki að inngangi í íbúð stefnda.

Stefnendur hafa engar sönnur að því leitt gegn eindregnum andmælum stefnda, að þess hafi verið farið á leit við hann, að hann tæki þátt í að leggja stéttina eða samráð hafi verið haft við hann um lagningu hennar. Verður því að sýkna stefnda af kröfum stefnenda samkvæmt þessum lið.

Um 5. lið.

Þessi liður stafar af kaupum stefnenda á hrifum, sem húseigendunum sé nauðsynlegt að eiga til notkunar við hirðingu lóðarinnar. Viðurkennt er, að stefndi hefur ekki veitt samþykki sitt til þessara kaupa, og ber því að sýkna hann af þessum kröfulið.

Um 6. lið.

Með skírskotun til þess, sem rakið er hér að framan um 3. kröfuliðinn, ber stefnda að greiða stefnendum málningu þá, sem notuð var á niðurfallsþípurarnar. Með hliðsjón af því, sem aðiljar hafa haldið fram um skiptingu vinnustunda við málun á gluggum og niðurföllum, þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnendum kr. 2.00 samkvæmt þessum lið kröfunnar.

Um 7. lið.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið um 4. lið, ber að sýkna stefnda að kröfum stefnenda eftir þessum lið.

Um 8. lið.

Stefnendur hafa áætlað vinnu sína samkvæmt þessum lið kr. 150.00, og ætti stefndi samkvæmt því að greiða þeim kr. 57.00 (þ. e. 38/100 af kr.

150.00). Að þessu sinni hefur stefndi fallizt á að greiða stefnendum þessa fjárhæð, og verða kröfur stefnenda því teknar til greina.

Um 9. lið.

Stefndi hefur viðurkennt þenna kröfulið, og ber honum því að greiða hann að fullu með kr. 100.00.

Samkvæmt framangreindu verða úrslit málsins þau, að stefnda ber að greiða stefnendum kr. 274.73 með vöxtum, svo sem krafizt er í stefnu, og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Haraldur Guðmundsson, greiði stefnendum, Vigfúsi Kristjánssyni og Sigurlaugu Kristjánsdóttur, kr. 274.73 með 6% ársvöxtum frá 29. september 1950 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtinginu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. desember 1951.

Nr. 16/1950. **Guðmundur Tómasson og Gaston Ásmundsson** (Gústaf A. Sveinsson)
 gegn
Byggingarsamvinnufélaginu Garði
 og gagnsök (Theódór B. Lindal).

Dómur og málsmeðferð að nokkru ómerkt, þar sem sérfróðir samdómendur voru ekki skipaðir.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1950. Krefjast þeir þess, að svo stöddu, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu af sinni hálfu með stefnu 24. apríl 1950, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. marz s. á., fellst á ómerkingarkröfu aðaláfrýjanda, en krefst máls-